

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2022, mánudaginn 23. maí var haldinn 74. fundur menningar-, ípróttá- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í borgarráðsherbergi og hófst hann kl. 13:33. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Pawel Bartoszek, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Líf Magneudóttir og Baldur Borgþórsson. Ellen Calmon og Erling Jóhannesson, áheyrnarfulltrúi BÍL tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Huld Ingimarsdóttir starfandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs, Auður Ósk Vilhjálmsdóttir og Signý Leifsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Tillaga um borgarhátíðir 2023-2025 byggð á greinargerð faghóps um borgarhátíðir 2023-2025 dags. Til samþykktar. – Trúnaðarmál.
Samþykkt. MOF22030002
2. Lagt fram bréf dags. 17.5.2022 frá Bókmenntahátíð í Reykjavík með ósk um tíu ára samstarfssamning 2024-2034. Til samþykktar.
Frestað. MOF22050010
3. Lagðar fram tillögur faghóps um styrki til myndríkar miðlunar um sögu Reykjavíkur 2022. Til samþykktar.
Samþykkt. MOF22050012
4. Lögð fram starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs fyrir 2022 og ársskýrsla 2021. Fram fer kynning starfandi sviðsstjóra. MOF22050013
5. Samningur við Stockfish fyrir árin 2023-2025 samkvæmt samþykkt borgarráðs á fundi 5655 dags. 10. febrúar 2022. Til kynningar.
 - kl. 14:11 viku Huld Ingimarsdóttir og Erling Jóhannesson af fundi.
 - kl. 14:11 taka sæti á fundinum Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Steinþór Einarsson skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu ÍTR. MOF22020002
6. Lagt fram minnisblað Ípróttabandalags Reykjavíkur dags. 26. apríl 2022 vegna frístundaaksturs. ITR22050005
7. Lögð fram forsögn að Fossvogslaug. ITR22050011
8. Lagt fram að nýju bréf sviðsstjóra ÍTR dags. 4. maí 2022 vegna styrkveitinga til félaga vegna viðhaldsmála. Til afgreiðslu.
Samþykkt. ITR22030005
9. Lagt fram bréf sviðsstjóra ÍTR dags. 4 maí 2022 vegna samnings við Knattspyrnufélagið Fram um rekstur mannvirkja í Úlfarsárdal - Til afgreiðslu.
Samþykkt. ITR22030007
10. Lagt fram minnisblað mannauðs- og starfsumhverfissviðs dags. 2. maí 2022 vegna viðhorfskönnunar meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar 2021. ITR22050006
11. Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skráningu hunda. Jafnframt lagt fram svar Dýraþjónustu Reykjavíkur. MSS22010226
12. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 6. maí 2022 þar sem fram kemur að tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa heilsuefningu fyrir eldri borgara í Reykjavík hafi verið vísað til meðferðar velferðarráðs og menningar-, ípróttá- og tómstundaráðs.

Vísað til umsagnar hjá ÍTR. MSS22050020

13. Lagt fram svar íþróttar- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs dags. 9. maí 2022, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um styrki til dansíþróttarinnar sbr. 17. lið fundargerðar menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs frá 25. apríl 2022.
- Huld Ingimarsdóttir situr fundinn undir þessum lið. ITR22050004
14. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá seinasta fundi liður 16:

Við hönnun og undirbúning á Vetrargarði í Breiðholti verði hugað að heilsársnýtingu svokallaðs töfrateppis með byrjenda- og barnvænni fjallahjólaleið frá toppi og niður.

Samþykkt. ITR22050007
15. Lagt fram minnisblað Jafningjafræðslu Hins Hússins dags. 25. apríl 2022 um Menningarspjall Jafningjaráðsins. ITR22050008
16. Umræður um íþróttastarf og rekstur mannvirkja í Breiðholti. ITR22050012

Fundi slitið kl. 15:12

Hjálmar Sveinsson

Paweł Bartoszek
Líf Magneudóttir
Baldur Borgþórsson

Vigdís Hauksdóttir
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir